



Samgöngustefna Sjúkratrygginga Íslands

Stefnan:

- Markmið samgöngustefnu Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) er að stuðla að því að starfsfólk noti vistvænan og hagkvæman ferðamáta.
- SÍ vilja leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfi og heilsustarfsfólks sem og allra landsmanna.
- SÍ vilja sýna gott fordæmi og efla vitund fólks um vistvænar samgöngur.

Leiðir:

- SÍ hvetja starfsfólk til að nota almenningsamgöngur til og frá vinnu.
- SÍ hvetja starfsfólk til að ganga eða hjóla til og frá vinnu.
- SÍ munu kappkosta að tryggja aðstöðu á vinnustað, s.s. sturtu fyrir þá sem stunda vistvænar samgöngur
- Starfsfólk fer gangandi á fundi ef það tekur 10 mínútur eða skemur, annars er notast við leigubíla eða strætisvagna ef það hentar og mun SÍ kaupa staka miða í strætisvagna í því skyni.
- Þegar pantaðir eru leigu- og/eða bílaleigubílar skal óskað eftir vistvænum bílum þegar því verður við komið.
- Starfsfólk samnýtir ferðir með leigu- og bílaleigubílum eins og kostur er.
- Þegar notaðir eru hópferðabílar skal nota vistvæna bíla þegar því verður við komið.
- SÍ hvetja starfsfólk til að fjölga síma- og fjarfundum þegar aðstæður leyfa.
- SÍ munu standa fyrir fræðslufundum einu sinni á ári í því skyni að efla vitund starfsfólks um vistvænar samgöngur.

Samþykkt í september 2012